

ÁFALLAÁÆTLUN

Áfallaáætlun vegna nemenda og starfsmanna

Áföll eins og andlát, slys, alvarleg veikindi, ástvinamissir, skilnaður foreldra, eða aðrir erfiðleikarí fjölskyldu hafa djúpstæð áhrif á börn og unglinga. Í Hlíðaskóla er starfandi áfallaráð sem hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna aðgerðum vegna alvarlegra áfalla sem nemendurog/eða starfsmenn verða fyrir. Flaggað er í hálfu stöng á útfarardegi ef nemandi eða starfsmaðurhefur látist. Skólastjóri og umsjónarkennari eru viðstaddir útför fyrir skólans hönd. Mikilvægt er aðforeldrar eða aðrir aðstandendur láti skólastjóra eða umsjónarkennara vita af áföllum semnemendur verða fyrir svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti eins fljótt og mögulegt er.

Áfallaráð Hlíðaskóla skipa:

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri
- Námsráðgjafi
- Hjúkrunarfræðingur skólans
- Sálfræðingur skólans